



Innkaupa- og framkvæmdaráð

Útboð 16072. Árborg – Endurgerð húsnæðis.

Tilboð í ofangreindu útboði voru opnuð þann 15. janúar 2025 kl. 10:00 og skiluðu 6 fyrirtæki inn tilboði.

Við mat á tilboðum var litið til lægsta verðs í samræmi við skilmála útboðsgagna. Um er að ræða almennt útboð í samræmi við lög um opinber innkaup nr. 120/2016, útboðið var auglýst innanlands.

Um heildarsamningsfjárhæð er að ræða. Áætluð verklok eru í mars 2026.

Lægsta tilboð var frá Land og Verk ehf., en fyrirtækið stóðst ekki kröfur um fjárhagslegt hæfi. Lagt er til við Innkaupa- og framkvæmdaráð að gengið verði að lægsta gilda tilboði, sem er frá K16 ehf. að fjárhæð 385.543.263 með vsk. K16 ehf. hefur staðist fjárhagsskoðun skrifstofu fjármálaþjónustu og ráðgjafar og tæknilegt mat skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa framkvæmda og viðhalds